

## Minnisblað

Dagsetning: 22. apríl 2020

Tilvísun: 2020041484/VEL

### **Efni: Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna heimsfaraldurs kórónuveiru (meðferð hjá sýslumönnum og dómstólum o.fl.), 722. mál**

Að mati Persónuverndar þarfnast frumvarpið talsverðra breytinga til þess að öryggi persónuupplýsinga sé tryggt við meðferð mála hjá sýslumönnum og dómstólum o.fl. Þá er það afstaða Persónuverndar að áður en þær lausnir sem frumvarpið kveður á um verða teknar í notkun þurfi þær stofnanir sem í hlut eiga hverju sinni að framkvæma mat á áhrifum á persónuvernd og eftir atvikum leita eftir fyrirframsamráði við Persónuvernd.

Helstu athugasemdir og tillögur Persónuverndar eru eftirfarandi:

1. **Breyting á 1. gr. frumvarpsins.** Allsherjar- og menntamálanefnd hefur lagt til að í stað 1. gr. frumvarpsins komi eftirfarandi grein:

„Heimilt er að miðla upplýsingum sem fram koma á dánarvottorði með rafrænum hætti í samræmi við verklag sem skal nánar kveðið á um í reglugerð.“

Persónuvernd telur umrætt orðalag vera til bóta þar sem það gefur svigrúm til að útfæra nánar í reglugerð þær öryggiskröfur sem gera verður. Hins vegar leggur Persónuvernd til að efni reglugerðar verði tekið fram í lagatextanum, og ákvæðið verði þá svohljóðandi:

„Heimilt er að miðla upplýsingum sem fram koma á dánarvottorði með rafrænum hætti í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur. Í reglugerð skal fjallað um almenn skilyrði varðandi vinnsluna, tegund gagna og upplýsinga, hvaða stofnanir mega fá persónuupplýsingarnar í hendur og í hvaða tilgangi, auk öryggis og verklags við vinnslu.“

2. **Breytingar á 5. og 6. gr. frumvarpsins.** Hvorki lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga né lög nr. 75/2019 um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi gilda um dómstóla þegar þeir fara með dómsvald sitt. Í ljósi þess að notkun fjarfundarbúnaðar við meðferð dómsmála er á mörkum þess að teljast til framkvæmdar dómvalds eða falla undir stjórnýslu þess leggur Persónuvernd til að í því skyni að taka af vafa um framangreint verði nýrri málsgrein bætt við 5. gr., svohljóðandi:

„Um vinnslu persónuupplýsinga með notkun fjarfundarbúnaðar hjá dómstólum gilda ákvæði IV. og V. kafla laga um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi.“

Þá leggur Persónuvernd til að sambærileg málsgrein bætist við 6. gr. frumvarpsins, svohljóðandi:

„Um vinnslu persónuupplýsinga með notkun fjarfundarbúnaðar hjá dómstólum gilda ákvæði 17.-18. gr., IV. kafla, 29.-30. gr., 2. og 3. mgr. 39. gr., 41.-42. gr. og 1. tölul. 1. mgr. 43. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.“

3. **Skilgreining á notkun fjarfundarbúnaðar.** Í frumvarpinu er ekki að finna skilgreiningu á hvað felist í notkun fjarfundarbúnaðar, m.a. hvort um geti verið að ræða upptökur. Í því



sambandi bendir Persónuvernd á að sé upptaka viðvarandi eða reglubundin þá getur hún fallið undir skilgreiningu á rafrænni vöktun í skilningi persónuverndarlaga en um slíkar upptökur gilda sérstakar reglur.

Að öðru leyti ítrekar Persónuvernd þau sjónarmið stofnunarinnar sem reifuð voru á fundi með Allsherjar- og menntamálanefnd í dag, þann 22. apríl 2020, m.a. um að sending viðkvæmra persónuupplýsinga í tölvupósti telst ekki örugg aðferð við miðlun slíkra upplýsinga. Nauðsynlegt er að rafræn miðlun gagna, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, fari ávallt fram í gegnum öruggar lausnir og að áður en hún hefst hafi farið fram mat á áhrifum á persónuvernd, sbr. m.a. V. kafla laga nr. 90/2018, sem og almennt áhættumat tengt þeim tæknilausnum sem til skoðunar er að taka í notkun.

Þá er það mat Persónuverndar að móta þurfi heildarstefnu ríkisins varðandi hvaða lágmarkskröfur sé nauðsynlegt að gera til hugbúnaðar, sem og miðlunar persónuupplýsinga á milli stofnana, með innbyggða og sjálfgefna persónuvernd að leiðarljósi, sbr. 24. gr. laga nr. 90/2018 og 25. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, þannig að ekki sé notast við hugbúnað sem uppfyllir ekki íturstu öryggiskröfur, m.a. varðandi dulkóðun samskipta, aðgangsstýringar o.fl. Tekið skal fram að eðli málsins samkvæmt skiptir hér einnig máli hvort um er að ræða miðlun almennra eða viðkvæmra persónuupplýsinga á milli stofnana.

Loks gerir Persónuvernd þann fyrirvara við framangreint minnisblað að hér er eingöngu tekið á helstu atriðum þess. Er það gert vegna þess skamma tímafrests sem veittur var til að bregðast við framkomnu frumvarpi, auk þess sem ekkert samráð var haft við stofnunina á fyrri stigum.